

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 28. apríl 2020

Lagt er til að þeim nemendum sem ljúka grunnskóla nú í vor standi til boða að stunda fjarnámsáfangu í framhaldsskólum í sumar sér að kostnaðarlausu. Í ljósi ástandsins og skerts skólahalds að undanfögnu vegna Covid-19 faraldursins og samkomubannsins er mikilvægt að nemendur eigi þess kost við skólaskilin að spreya sig á framhaldsskólaáföngum. Þannig munu þeir kynnast framhaldsskólastiginu, geta nýtt tímann og verða betur í stakk búnir til að takast á við krefjandi nám á framhaldsskólastigi. Þetta gæti orðið hluti af virkniúrræðum fyrir þessa nemendur enda má búast við að erfitt verði fyrir þennan aldurshóp að fá vinnu í sumar. Lagt er til að Reykjavíkurborg leiti samninga við ríkið um að greiða kostnað vegna þessara fjarnámsnemenda sem ljúka munu 10. bekk nú í vor. Enda um að ræða áfangu sem ríkið þyrfti hvort eð er að greiða fyrir þegar þessir nemendur hefja nám í framhaldsskóla.